

104 á hverju verslunarskýrslueyðublaði stendur að vísu, að skýrslunum skuli skila fyrir þann tíma, en þessu hefir því miður verið altöf litill gaumur gefinn hingað til. Öllum skýrslugefendum ætti þó að vera innan handar að hafa lokið við skýrslurnar fyrir þann tíma, ef eigi hafa verið einhverjar sjerstakar ástæður til fyrirstöðu, og flestum mun veita erfðara að gefa skýrslur eftir því sem lengra liður frá áramótum. Það er því nauðsynlegt, ef skýrslugefendur skila eigi skýrslunum sjálfkrafa fyrir 15. mars, að krefja um þær þá þegar alvarlega, og með því móti ættu allar verslunarskýrslurnar að geta verið komnar til lögreglustjóranna að minsta kosti í aprilmánuði. Tregðist nokkur þrátt fyrir ítrekaðar áminningar um að gefa skýrslu, má eigi láta slíka vanrækslu viðgangast, heldur verður þá að beita dagsektum, svo sem fyrir er mælt í 8. gr. laga 8. nóv. 1895, um hagfræðisskýrslur.

4. Að heimta einnig yfirlýsingu um verslunarskuldir og inneignir hjá öllum þeim, sem lánsverslun reka að einhverju leyti.

5. Að aðgæta skýrslurnar, þá er þær berast, að því er tollvörur snertir. Að vísu er eigi hægt að búast við mjög nákvæmum samanburði á skýrslunum og tollreikningunum, en þó svo miklum, að stórvillur í þeim varningi verði ekki látnar óleiðrjettar.

6. Að aðgæta skýrslurnar að öðru leyti og senda skýrslugefendum þær aftur til nýrrar meðferðar, ef þeim er mikið ábótavant frá formsins hlið, t. d. ef verð varanna er ekki tilfært eða þá þyngd eða mál vantar, þar sem þess er krafist.

7. Að senda skýrslurnar frá sjer til stjórnarráðsins undir eins og búið er að yfirfara þær og ekki síðar en í maímánuði.

8. Að láta skýrslunum fylgja skrá yfir alla þá, sem skyldir eru að gefa skýrslu. Skal hún bygd á næsta ári á undan, þannig að tilfærðir sjeu allir þeir, er þá gáfu skýrslu, en þess getið í athugasemd, ef einhver þeirra er eigi lengur skyldur til að gefa skýrslu. Svo skal og telja alla þá er bæst hafa við á árinu. Ef einhverjir kynni að vera, er enn ættu eftir að senda skýrslur, ber að skýra frá af hverju drátturinn stafi og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess, að ná inn skýrslunum frá þeim.

105 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Árnessýslu um endurgjald á sveitastyrk og sveitfesti þurfalings.**

8. okt. Hreppsnefndin í Þingvallahreppi hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 27. febrúar þ. á., þar sem ákveðið er, að Oddur nokkur Jónsson í Hafnarfirði skuli teljast sveitlægur í tjeðum hreppi. Eftir mótöku brjefs yðar, dags. 16. ágúst þ. á., er svofeldur úrskurður lagður á mál þetta.

Oddur þessi Jónsson er fæddur í Skógarkoti í Þingvallasveit í Árnessýslu árið 1869 og var hvergi búinn að vinna sjer sveit, er hann settist að í Hafnar-

firði í septembermánuði árið 1901, en þar hefir hann dvalið síðan. Hinn 5. apríl 1911 voru kona Odds og dóttir lögð á Landakotsspítala í Reykjavík; var konan berklaveik en að dótturinni gekk taugaveiki, og voru þær lagðar á sjúkrahúsið eftir fyrirskipan hjeradslæknisins í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarkaupstaður ábyrgðist legukostnað þeirra á tjeðum spítala, þar sem þær lágu til 11. maí s. á., og nam sá kostnaður 118 kr.; eftir að Þingvallahreppur hafði verið krafinn um eftirgjald á þessum kostnaði, endurgreiddi Oddur hann Hafnarfjarðarkaupstað af sumarkaupi sínu sama ár; kemur endurgreiðsla þessa kostnaðar því ekki til úrskurðar í þessu máli. En 30. maí s. á. var konan með ráði tjeðs læknis lögð á heilsuhælið á Vífilsstöðum og ábyrgðist Hafnarfjarðarkaupstaður einnig greiðslu legukostnaðar hennar þar. Konan var á Vífilsstaðahælinu til 4. maí þ. á., og nam allur legukostnaður hennar þar 467 kr. 25 aur., og krefst Hafnarfjarðarkaupstaður í þessu máli, að Þingvallahreppur sem framfærslusveit Odds, endurgreiði hann allan.

Eftir því sem fyrir liggur í málinu er það sannað, að Oddur hefir ekki verið búinn að vera 10 ár í Hafnarfirði fyr en í september 1911, og hefir því ekki unnið sjer þar sveit, ef framangreind hjálp telst lögmætur sveitarstyrkur til Odds. En þetta vill hreppsnefnd Þingvallahrepps vefengja og ber því við, að styrkurinn eða ábyrgðin á greiðslu hans hafi verið ónaúðsynleg, því fá hefði mátt lán út á annan veðrjett í bæ, sem Oddur átti í Hafnarfirði og virtur var á 700 kr. en að eins 245 kr. hafi hvílt á með fyrsta veðrjetti. Af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir því hinsvegar verið haldið fram, að bæði hefði verið óheimilt að fresta hjálpinni þangað til útkljáð hefði verið um lántöku, og að engin líkindi hefðu verið til að lán hefði verið fáanlegt, en því til sönnunar hefir hreppsnefnd Þingvallahrepps sent hingað yfirlýsing, dags. 31. júlí þ. á., frá manni nákomnum Oddi, þar sem hann lýsir yfir því, að hann myndi hafa lánað Oddi 200 kr. út á bæinn til greiðslu legukostnaðarins á Vífilsstaðahælinu. Svo ber hreppsnefndin því einnig við, að Oddi hafi ekki verið sýndur legukostnaðarreikningurinn frá Vífilsstaðahælinu, og hann ekki krafinn endurgreiðslu á honum af Hafnarfjarðarkaupstað.

Stjórnarráðið verður nú að vera yður samdóma um, að hreppsnefnd Þingvallahrepps hafi ekki með framangreindu fært sönnur á það, að styrkurinn hafi verið ónaúðsynlegur og því ólögmætur sveitarstyrkur. Jafnframt því að geta þess, að það verður að telja lögmætan sveitarstyrk, er sveitarfjelag gengur í ábyrgð fyrir nauðsynjum einhvers eða skylduliðs hans, sem hann ekki á annan hátt getur fullnægt, og að styrkurinn telst veittur jafnskjótt og ábyrgðin er látin í tje, skal það tekið fram, að Oddur fór þess sjálfur á leit við fátækra-stjórnina, að hún gengi í ábyrgð fyrir áminstum kostnaði og hafði hún enga ástæðu til að ætla, að hann gæti bjargast á annan hátt, enda gat hann það í raun og veru ekki. Þótt honum nákominn maður hafi síðar lýst yfir því, að hann hafi lofað að lána honum 200 kr. gegn 2. veðrjetti í bæ hans uppi greiðslu á dvalarkostnaði konu hans á Vífilsstaðahæli jafnskjótt sem hann yrði krafinn endurgjalds á þeim kostnaði, þá virðist þetta engu skifta hjer, því að sveitfestis-

105 8. okt. dvöl Odds var þegar slitin áður, þá er hann þáði ábyrgð fátækrastrjórnar Hafnarfjarðar á legukostnaði konu sinnar og dóttur í Landakotsspítala. Oddur er því sveitlægur í Þingvallahreppi og Hafnarfjarðarkaupstaður á beinan aðgang að þeim hreppi um endurgjald á styrknum, er hreppnum ber að endurgreiða allan, þar sem hælid, er konan dvaldi og lögð var á eftir læknisráði, liggur í öðru sveitarfjelagi og er kaupstaðnum óviðkomandi.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að nefndur Oddur Jónsson skuli teljast sveitlægur í Þingvallahreppi, og að þessi hreppur skuli endurgreiða Hafnarfjarðarkaupstað umræddan styrk til Odds með 467 kr. 25 aur.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Þingvallahrepps.

106 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um slysfaraskýrslur.**

9. okt. Með brjefi, dags. 15. maí þ. á., hafid þjer, háæruverðugi herra, skýrt frá því, að landlæknir hafi vakið máls á því, að skýrslur presta um mannalát af slysförum muni oft og tíðum vera talsvert skakkar, og skekkjan alt af í þá átt, að slysfaratalið sje of lágt. Hafid þjer jafnframt bent á ýmsar leiðir til þess að bæta úr þessum misfellum.

Til þess að bæta úr þessu hefir stjórnarráðið lagt fyrir sýslumenn og bæjarfógeta að brýna fyrir eigendum og útgerðarmönnum skipa, hvort heldur opinna báta eða stærri skipa, að tilkynna sóknarpresti sínum nöfn og heimilisfang þeirra manna, er á skipum þeirra farast.

Jafnframt því að tjá yður þetta, skal stjórnarráðið fela yður að leggja fyrir sóknarprestana, að ganga eftir þessum skýrslum frá útgerðarmönnum, og, ef til kemur, að kæra vanrækslu í þessu efni fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að leggja fyrir sóknarprestinn þar sem skipið á heima eða var gjört út, að tilkynna slysförina þeim presti, þar sem hinn dani átti lögheimili eða taldi sig eiga það, og tilgreina hver lík hafi rekið og verið greftruð. Sá presturinn, sem greftrunina framkvæmir, á að tilfæra dauðsfallið eða slysförina í bókum og dánarskrám hjá sjer. Í öðru lagi ber yður að leggja fyrir sóknarprestinn, þar sem hinn dani átti lögheimili, að færa dauðsföllin og slysfarirnar í embættisbókum hjá sjer, öll nema þau þar sem greftrun annarsstaðar hefir átt sjer stað. Um dauðsföll þeirra, er dáið hafa af slysförum í fjarlægð og verið greftraðir annarsstaðar, ber prestinum að gjöra athugasemd í bækur sínar og á slysfaraskýrslu, án þess þó að taka þá með í töluna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.